

Heilsuleikskólinn Fífusalir

Námskrá



Útgefandi: **Heilsuleikskólinn Fífusalir**

Ábyrgðarmaður: **Erla Stefanía Magnúsdóttir**

Útgáfudagur: **16. maí 2015**

Innihald

Skólanámskrá	2
Leiðarljós leikskóla	2
Hugmyndafræði Fífusala.....	2
Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi	4
Leikur og nám	5
Spjaldtölvur í Fífusölum.....	6
Námsumhverfi	6
Samþætt og skapandi leikskólastarf	7
Læsi og samskipti	7
Heilbrigði og vellíðan	8
Sjálfbærni og vísindi.....	8
Umhverfismennt	9
Útinám.....	9
Sköpun og menning	10
Mat á námi og velferð barna	10
Fjölskyldan og leikskólinn	10
Tengsl skólastiga	11
Starfsáætlun	12
Mat á leikskólastarfi	12
Innra mat í leikskólum	12
Ytra mat í leikskóla.....	12
Lokaorð.....	13

Skólanámskrá

Leikskólar Kópavogs gefa út sameiginlega námskrá sem byggir á Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum fyrir leikskóla.

Á grunni aðalnámskrár og námskrár leikskóla Kópavogs hafa starfsmenn Heilsuleiksskólans Fífusala mótað þessa skólanámskrá. Tilgangur skólanámskrárinnar er að skipuleggja uppeldi og nám barnanna, stuðla að skilvirkara leikskólastarfi og gera það sýnilegra. Í skólanámskrá er hugmyndafræði leikskólans lýst og greint frá þeim gildum sem starfið byggir á.

Leiðarljós leikskóla

Leiksskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar barna. Við í Fífusölum veitum öllum börnum jöfn tækifæri til að njóta bernsku sinnar. Til að efla jákvæða sjálfsmynd barna er lagt upp með að þau velji sér viðfangsefni eftir áhuga, styrkleikum og þroska hvers og eins. Í fjölmeningarsamfélagi eins og leiksskólinn er orðinn, er mikilvægt að öll börn virði rétt hvers annars óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum og getu hvers barns. Í starfi leiksskólans mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnunum er sýnd virðing og umhyggja.



Hugmyndafræði Fífusala

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Við í Fífusölum störfum eftir kenningum John Dewey og Berit Bae.



John Dewey lagði áherslu á uppgötvunarnám, það er að börn læri í gegnum leikinn með því að prófa sig áfram. Hann mælti hvorki með algjöru frelsi né valdboði, heldur því sem hægt er að kalla lýðræðislegar aðferðir. Samkvæmt Dewey eiga börnin að velja sér verkefni sjálf, verkefni ættu að vera vel skipulögð og

markviss svo börnin geti gert sér grein fyrir tilgangi vinnunnar. Hann hélt því fram að menntun sé stöðugur þroski með aukinni þekkingu þess sem hefur aflað sér hennar. Dewey fjallaði um lýðræði og menntun, hann taldi að hluti af menntun sé tengsl okkar við umhverfið og náttúruna. Námið á að leiða til þekkingar ekki bara til að muna staðreyndir heldur til að geta rökstutt þær. Dewey lagði áherslu á ferlið en ekki útkomuna. Börnin í Fífusólum fá tækifæri til að vinna í lýðræðislegri samvinnu við kennara sína og vini.

Kennarar Fífusala treysta getu og hæfni hvers barns til að efla eigin þekkingu og hvetja þau til að nýta sína hæfileika. Með þessu er lagður grunnur að sterkum, sjálfstæðum einstaklingi sem tekur ábyrgð á sjálfum sér. Samskiptastefna okkar er sprottin af kenningum Berit Bae og notum við opnar spurningar, t.d. hvað, hvernig og hvers vegna, til að styðja þau í þekkingarleit sinni til náms.



Mikilvægt er að kennarar og börn séu meðvituð um samskipti sín á milli og hlúi vel að þeim, þar sem samskipti eru eitt af okkar helstu verkfærum til náms. Samkvæmt Bae þurfum við að skoða hvað það er sem hefur áhrif á samskipti okkar. Hún skiptir því upp í innri og ytri þætti.

- Innri þættirnir tengjast kennaranum, t.d. hvaða fagþekkingu hann hefur, hvaða viðhorf hann hefur til einstaklingsins sem og fyrri reynsla.
- Ytri þættirnir eru þeir sem hafa áhrif á samskipti okkar innan skólans sem og leikskólaumhverfið og samfélagið.

Kennarar bera virðingu fyrir upplifun hvers og eins. Bae segir að góður kennari þurfi að geta lifað sig inn í heim barnsins, hlustað og sýnt tilfinningum þeirra skilning.

Kennarar stjórna ekki umræðum út frá fyrirfram ákveðnu efni heldur hlusta á það sem börnin hafa að segja. Mjög mikilvægt er að virða ákvörðunarrétt barnsins þegar það hefur val, ef barnið segir: „Nei, ég vil ekki“ eða: „Langar ekki“ þá verðum við að virða það, svo lengi sem það skaðar ekki barnið eða aðra í kringum það. Grundvallaratriði í viðurkennandi samskiptum við börn er að staðfesta þeirra upplifun og tilfinningar. Einnig segir Bae að hver kennari þurfi að skoða sín eigin samskipti og hugsa: „Hvað segi ég og hvernig segi ég það?“

Einkunnarorð Fífusala, *virðing – uppgötvun – samvinna*, eru sprottin af þessari hugmyndafræði. Þau eiga við bæði börn og kennara og marka allt daglegt starf.

Virðing

Við leggjum áherslu á að börnin beri virðingu og taki tillit til hvers annars og efli þannig skilning á tilfinningum og þörfum sínum sem og annarra. Lagt er upp úr góðu samstarfi, trausti og gagnkvæmri virðingu á milli barna, starfsfólks, heimilis og skóla.



Uppgötvun

Barnið öðlast reynslu með uppgötvun í leik án þess að kennarar gefi þeim lausnir. Endapunkturinn skiptir ekki máli heldur lærdómurinn sem barnið öðlast á leiðinni. Mikilvægt er að viðurkenna upplifun barna, án þess að leggja á hana dóm.

Samvinna

Lagt er upp úr því að börn og kennarar læri að vera sveigjanleg, hjálpist að, vinni saman og framfylgi ákvörðunum sínum. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna sem hvetja þau til sáttfýsi og samvinnu.



Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi

Í Fífusölum er lögð áhersla á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskólanum leggja foreldrar, kennarar og börn sitt af mörkum sem samstarfsaðilar. Í daglegu starfi er lögð áhersla á að börn og kennarar beri virðingu og umhyggju fyrir öðrum, þrói með sér samkennd, tillitsemi, umburðarlyndi og vináttu. Frumkvæði barnanna er eflt og styrkt þannig að þau verði hæfari til að taka þátt í lýðræðislegum ákvörðunum er varða líf þeirra og leik. Í leikskólanum fær barnið tækifæri til að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt, læra að gleðjast með öðrum og



lifa í sátt við sjálf sig og umhverfi sitt. Virða skal rétt allra óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu.

Fífusalir starfa eftir aðferðum *Náms án aðgreiningar*, sem þýðir að allir eigi jafnan rétt til náms. Þörfum sérhvers einstaklings sé mætt og allir njóti sama réttar, fái sama viðmót, hvatningu og örvun.



Börn með fötlun og/eða frávik í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur þar um. Sérkennslustjóri starfar innan leikskólans og hefur yfirumsjón með sérkennslumálum skólans. Ætíð er fengið samþykki foreldra fyrir allri sérkennslu, greiningum og mati auk þess sem leitað er eftir álit og upplýsingum í foreldraviðtölum. Meginreglan er að sérkennslan fari fram í hópi barna, en þess er sérstaklega gætt að börn sem njóta sérkennslu einangrist ekki frá barnahópnum og að þau njóti eðlilegra félagslegra tengsla.

Leikur og nám

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi leikskólans. Börn læra í gegnum leik og þar vinna þau úr hugsunum sínum og tilfinningum. Leikskólakennarar styðja við leik barna með því að gefa þeim nægan tíma og rými til að hreyfa sig, þróa leikinn og dýpka.



Í Fífusölum er lögð áhersla á hreyfingu, útinám, skapandi starf og góða heilsu. Í hópastarfi er stuðlað að sjálfræði og sjálfstæði barnanna og tryggt er að allir fái fjölbreytt verkefni við hæfi. Í samvinnu barna á milli kynnast börnin betur innbyrðis og læra að treysta hvert öðru. Þetta eykur samskiptahæfni og byggir grunn að góðu samstarfi og vináttu. Í leiknum læra börnin að taka tillit til og virða skoðanir hvers annars.

Samverustundir eru notalegar stundir sem gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna. Þar eru lesnar bækur, sagðar sögur, sungið, farið í leiki og er m.a rætt saman um heiti daga, mánaða, bókstafi, tölustafi, veðráttu og árstíðir. Auk þess eru á föstudögum á yngri gangi samverustundir *Gaman saman*. Fjölbreytt lagaval, sögur og leikir í þessum stundum efla sköpunar- og tjáningargleði barnanna. En skólaárið 2014 til 2015 hefur verið val á föstudögum á eldri gangi.



Spjaldtölvur í Fífusölum

Allar sex deildir leikskólans hafa aðgang að eigin spjaldtölvu. Hún er notuð að miklu leyti til að gera starf leikskólans sýnilegra, með því t.d. að taka myndir, myndbönd og upptökur. Leikskólakennararnir nota spjaldtölvuna til að afla sér og börnunum upplýsinga um ýmislegt sem börnin spyrjast fyrir um og vinna á þann hátt út frá þeim hugmyndum sem börnin fá. Þau forrit og þeir leikir sem notast er við eru eingöngu ætluð til að styðja við námssviðin okkar, s.s. málörvun, stærðfræði, vísindi o.fl. Spjaldtölvun er einnig notuð til að hlusta á sögur og tónlist, t.d. í samverustund.

Námsumhverfi



Námsumhverfi Fífusala gefur margvísleg tækifæri til náms, innandyrna sem utan. Lagt er upp með að nýta rými leikskólans sem og nánasta umhverfi á sem fjölbreyttastan hátt.

Efniviður bæði inni og úti er

fjölbreyttur. Allar deildir hafa aðgang að leikfangasafni í miðrymi þar sem hægt er að velja sér kassa með ýmis konar leikföngum. Leikefni eru opin, til dæmis einingakubbar, perlur, málning, leir og fleira þar sem börn geta nýtt ímyndunaraflíð til að skapa eigin leik og



finna lausnir. Einnig er boðið upp á leikefni með fyrirfram ákveðnum lausnum, til dæmis dúkkur, bíla, púsl og fleira.



Lóð leikskólans og leiktæki skapa fjölbreyttar aðstæður fyrir leik og örva flesta þroskaþætti. Lóðin skiptist í tvennt, Austurgarð sem er lítill garður með leiktækjum sem henta yngri börnum og Vesturgarð sem er mun stærra svæði með meira krefjandi leiktækjum fyrir eldri börnin.

Nærumhverfi leikskólans býður upp á marga möguleika til vettvangsferða. Göngustígar bjóða upp á öruggar leiðir um hverfið, meðal annars í útinámssvæði, Salalaug og Gerplu sem er í næsta húsi.

Samþætt og skapandi leikskólastarf

Allt starf leikskólans felur í sér viðamikið og samþætt nám, hvort sem það eru daglegar athafnir, s.s. matartímar, hreinlætisvenjur eða markvisst starf skipulagt af kennurum. Börn læra af öllu því sem þau taka sér fyrir hendur, bæði í gegnum leik og daglegt starf.



Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi er mikilvægur þáttur samskipta og felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja og túlka.



Kennarar og börn Fífusala tileinka sér að nota tákn með tali, einnig er lögð áhersla á að hafa sjónrænt skipulag og auðvelda þannig öllum að lesa í umhverfið með sjónrænum vísbendingum. Reynt er að efla þekkingu barnanna á tölum en örva jafnframt lestur og ritmál.

Heilbrigði og vellíðan



Heilsuleikskólinn Fífusalir leggur áherslu á lýðheilsu. Í því felst að stuðla að heilbrigðum lífsháttum barna með áherslu á aukna hreyfingu og bætt mataræði, meðal annars að auka vatnsdrykkju, neyslu ávaxta og grænmetis. Til þess að börnin geti betur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl er börnunum kennt um þá þætti sem hafa áhrif á heilsu og vellíðan, svo sem hollt mataræði, mikilvægi hvíldar og hreinlæti. Leitast er við að tryggja heilsueflandi umhverfi og að börnin upplifi jákvæða reynslu, njóti sín og hafi gaman.

Í Fífusölum fá börnin tækifæri til að hreyfa sig á fjölbreyttan hátt í ólíku umhverfi m.a í vettvangsferðum. Markmiðið er að efla grófhreyfingar, úthald og þor. Daglega fara börnin í útiveru á lóð leikskólans þar sem þau fá útrás fyrir hreyfiþörf sína í frjálsum leik. Öll börn leikskólans fá skipulagðan tíma einu sinni í viku í Leikvangi undir faglegri handleiðslu.



Börn af eldri gangi fara í skipulagðar sundferðir í Salalaug. Í þeim ferðum er lögð áhersla á að börnin aðlagist vatni í frjálsum leik, ein sundferð tengist öllum námssviðum leikskólans. Einnig hafa elstu börnin hafa haft kost á að fara í Gerplu sl. tvö ár einu sinni í viku með kennurum en foreldrar greiða æfingagjöld til fimleikafélagsins.

Sjálfbærni og vísindi



Börn nota mismunandi aðferðir við að kanna og skilja umhverfi sitt. Við komum til móts við hvern einstakling með því að skapa möguleika fyrir barnið til að uppgötva og upplifa en jafnframt að vinna í félagslegum samskiptum. Eftir því sem börnin þroskast fara þau lengra út í nærsamfélagið til að byggja ofan á fyrri upplifun, reynslu og bæta við þekkingu sína. Sjálfbærni snýst um umhverfið, ábyrgð, virðingu og lýðræðisleg vinnubrögð.

Börnum er það eðlislægt frá fyrstu stundu að kanna umhverfi sitt. Þau læra mest á að snerta, horfa, hlusta, bera saman, flokka, draga ályktanir, rannsaka og upplifa. Börnin fara reglulega í vettvangsferðir, þær ferðir gefa börnunum tækifæri til að kynnst nærumhverfi sínu, örnefnum, menningu og samfélagi.



Umhverfismennt

Umhverfismennt er mikilvægur þáttur í daglegu starfi leikskólans og miðar að því að kenna börnunum að bera virðingu fyrir náttúrunni. Börnin taka þátt í flokkun sorps og endurvinnslu.

Útinám

Í hlíðum Rjúpnahæðar er útinámssvæðið Rjúpnalundur sem við höfum til afnota ásamt Salaskóla og leikskólanum Rjúpnahæð.

Gleði er mikilvægur þáttur í útinámi, þar upplifa börnin ákveðið frelsi og kennarar sjá sköpunarkraft barna í nýju ljósi. Ferðir í Rjúpnalund eru láttnar stjórnast af möguleikum og aðstæðum en ekki skipulagi. Ævintýrin gerast af sjálfu sér hjá glöðum og hraustum börnum sem hafa ánægju af útiveru. Markmið okkar í Fífusölum



er að börnin fái að upplifa náttúruna og sitt nánasta umhverfi á eigin forsendum. Í útinámi er unnið með öll námssvið á lifandi og skemmtilegan hátt.

Sköpun og menning



Í Heilsuleiksskólanum Fífusölum fær sköpunargleði barnanna að njóta sín í daglegu starfi. Sóttar eru ýmsar menningarlegar uppákomur, til dæmis tónleikar, söfn og listasýningar. Einnig fær leiksskólinn hina ýmsu listamenn og sýningar í heimsókn. Í árlegri starfsáætlun leiksskólans er farið yfir þær uppákomur

sem áætlaðar eru hvert ár.

Listsköpun fléttast við öll námssvið leiksskólans. Öll börn fara í skipulagða tíma í Listasmiðju einu sinni í viku nema þau allra yngstu, þau fá listsköpun inn á sínum deildum. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, eflingu fín- og grófhreyfinga ásamt samhæfingu augna og handa.



Mat á námi og velferð barna

Við upphaf leiksskólagöngu í Fífusölum fær hvert barn *Heilsubók barnsins*. Í hana er skráð heilsufar, hæð og þyngd, félagsleg færni, úthald, þekking á litum og formum, hreyfifærni, næring og svefn og færni í listsköpun (meðal annars þróun teikninga). Skráningin fer fram tvisvar sinnum á ári, haust og vor. Þessi skráning gerir okkur kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins auk þess að vera gott tæki til að upplýsa foreldra um stöðu barnsins. Þegar leiksskólagöngu lýkur fær barnið *Heilsubókina* til eignar og sýnir hún þá þroskaferlið sem barnið hefur farið í gegnum öll leiksskólaár sín.

Fjölskyldan og leiksskólinn

Í Fífusölum er lögð áhersla á að taka vel á móti öllum foreldrum og börnum. Við viljum að foreldrar finni fyrir vingjarnlegu viðmóti og trausti. Samvinna foreldra og leiksskóla þarf að byggjast á trausti og gagnkvæmri virðingu. Mikilvægt er að vera opin í samskiptum með því að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og ólíkri menningu skilning og virðingu. Kennarar Fífusala vinna í samvinnu við foreldra, sem bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna.

Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna er haldinn að vori. Aðlögun nýrra barna fer



oftast fram að hausti. Í Fífusölum er þátttökuaðlögun þar sem foreldrar fylgja börnum sínum þrjá fyrstu dagana í leikskólanum. Þannig kynnast börn og foreldrar leikskólanum og kennurum. Auk þess kynnast foreldrar betur innbyrðis. Aðlögunarviðtöl eru haldin um það bil mánuði eftir að barn byrjar í leikskólanum.

Upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis er mikilvægt og foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu. Foreldrum er boðið á ýmsar upptökur í leikskólanum, svo sem opin hús, sumarhátíð og fleira. Foreldrafundur er haldinn að hausti þar sem vetrarstarfið er kynnt. Almenn foreldraviðtöl eru haldin að vori. Foreldrar geta alltaf beðið um viðtal við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra. Reglulega eru send út fréttabréf, auk þess sem ýmsar hagnýtar upplýsingar koma fram á heimasíðu leikskólans. Á upplýsingatöflum og myndaskjám á hvorum gangi geta foreldrar séð hvað börnin eru að fást við hverju sinni. Einnig skrifa deildarstjórar um daglegt starf í dagbókarfærslu á heimasíðu einu sinni í viku.

Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum og eru haldnir fundir eftir þörfum. Í stjórn eru sex foreldrar og sitja tveir kennarar fundi sem tengiliðir leikskólans. Foreldrafélagið skipuleggur hina ýmsu viðburði í samstarfi við leikskólann.

Í leikskólanum starfar einnig foreldraráð sem situr fundi jafnt og þétt yfir skólaárið. Í því eru þrjú foreldrar, einn kennari og leikskólastjóri. Foreldraráð les yfir starfsáætlun og kemur að faglegu starfi leikskólans.

Tengsl skólastiga



Salaskóli er okkar samstarfsskóli og eru gagnkvæmar heimsóknir okkar á milli. Hist er þrisvar til fjórum sinnum yfir skólaárið, bæði í kennslustofunni og í frjálsum leik í útiveru. Kennarar í Fífusölum vinna eftir námskrá Kópavogs fyrir fimm ára börn og út frá markmiðum hennar eru skipulögð sérstök „elstu-barna-verkefni“. Markmið okkar er

að brúa sem best bilið á milli skólastiga með því að efla sjálfstæði og frumkvæði barnanna.

Starfsáætlun

Starfsáætlun er í senn mat á starfi síðasta skólaárs, frá 1. september til 31. ágúst, og áætlun fyrir næsta skólaár. Í starfsáætlun er starfi og faglegum áherslum á komandi starfsári lýst, auk þess er umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs.



Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Matið skiptist í innra mat, unnið af kennurum, foreldrum og börnum leikskólans, og ytra mat, sem unnið er af utanaðkomandi aðila á vegum sveitarfélags og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Innra mat í leikskólum

Kennarar Fífusala meta starf sitt og aðbúnað til náms annað hvert ár með ECERS kvarðanum sem er staðlað matstæki fyrir leikskóla. Árlega fylla kennarar út sjálfsmatslista fyrir starfsmannaviðtöl. Einnig er símat í gangi allt árið um kring á öllum námsþáttum og starfi.

Ytra mat í leikskóla

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi Fífusala samræmist lögum og reglugerðum um leikskóla og aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis. Leikskólafulltrúi ber ábyrgð á framkvæmd ytra matsins. Annað hvert ár er lögð fram rafræn könnun fyrir foreldra þar sem niðurstöður eru nýttar til að bæta starfið. Eins er lögð fram könnun annað hvert ár fyrir alla starfsmenn leikskólans gagnvart stjórnendum hans og nýta þeir það til að gera gott starf betra. Niðurstöðum er fylgt eftir með markvissum hætti og eru þær birtar í starfsáætlun leikskólans ár hvert.

Lokaorð

Nú er þeirri vinnu lokið að yfirfara námskrá Heilsuleikskólans Fífusla og kemur námskráin okkar út öðru sinni síðan ný aðalnámskrá leikskóla tók gildi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu 2011. Námskrá okkar á að vera lifandi og taka breytingum þegar þess er þörf og mikið vatn hefur runnið til sjávar á síðastliðnum þremur árum.

Unninn hefur verið gátlisti úr námskránni fyrir starfsfólk til að nota í umræðuhópum um það hvort og hvernig við fylgjum námskránni eftir.

Ég vil þakka öllum sem komu að yfirferð þessarar námskrár en nú þarf að halda áfram að innleiða þá þætti sem við höfum fjallað um og einnig þarf endurmat sífellt að vera til staðar.

Erla Stefanía Magnúsdóttir,
leikskólastjóri Fífusala 2015